

# Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali<sup>1</sup>

*með skýringum*

frá Katrínu Oddsdóttur og Silju Báru Ómarsdóttur

Lagt fram á 13. fundi Stjórnlagaráðs, 16.6.2011

## Utanríkismál

### 3. mgr. 1. gr. Meðferð utanríkismála

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu <sup>2</sup>	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Efnisleg breyting um að 2/3 hluta Alþingis þurfi til að styðja hernaðaraðgerð.	Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki 2/3 atkvæða á Alþingis.	Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.

### Skýring:

Aukinn meiri hluta Alþingis – hér sett fram sem atkvæði 2/3 hluta þingmanna – ætti að þurfa til að taka ákvörðun um að styðja hernaðaraðgerðir, enda eru skýr skilaboð frá þjóðfundi að Ísland eigi að fara með friði á alþjóðavettvangi og ætlunin er að tiltaka frið sem eitt grunngilda stjórnarskrárinnar í inngangsgrein.

Hlutfallið 2/3 er notað annars staðar í drögum að nýrri stjórnarskrá og hér er því samræmis gætt hvað kröfu um hlutfallslegan stuðning ræðir.

<sup>1</sup> Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

<sup>2</sup> Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.